

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 11. janúar 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún fjórar blaðsíður að stærð.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Bogi Kristinsson Sveinn Ragnarsson, Egill
Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

- 1. 1001016** Umsókn dags. 08. janúar s.l. frá Halldóru Játvarðardóttur um leyfi til að byggja þjónustuhús vegna tjaldsvæðis á Miðjanesi. Tekið er jákvætt í erindið en afgreiðslu frestað þar til teikningar og önnur gögn liggja fyrir.
- 2. 1001010** Deiliskipulag í Hafrahlíð, Reykhólahreppi, tillaga. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við staðfest aðalskipulag Reykhólahrepps og samþykkt til auglýsinga.
- 3. 1001009** Breyting á aðalskipulagi í Bjarkalundi og í Flatey.

GREINARGERÐ

Gerð er tillaga að breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna nýs íbúðasvæðis í Bjarkalundi og smábátahafnar við Innstapoll við Hólsbúðarvog í Flatey á Breiðfirði ásamt aðkomuvegi.

1. BREYTING Á KAFLI 2.3.8 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Gerð er breyting á svæði númer F2 Bjarkalundur í Berufirði þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun frístundabyggðar og íbúðarsvæði, númerið breytist í F2/IB1.

Texti úr staðfestu aðalskipulagi

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F2	Bjarkalundur í Berufirði	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 9 lóða skv. deiliskipulagi frá 2003. Stærð svæðisins er 4 ha. * Deiliskipulag samþykkt 12.06.2003.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F2/IB1	Bjarkalundur í Berufirði	Á svæðinu er gert ráð fyrir níu lóðum undir sumarhús og íbúðir. Stærð svæðisins er 4 ha.

1.1 Áhrif skipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag

Landið er vaxið lágvöxnu kjarri að hluta en reynt verður að fella húsin inn í landið. Unnin hefur verið skráning fornminja á skipulagssvæðinu og samkvæmt deiliskipulaginu eru tvær tóftir við Stekkjarlæk. Deiliskipulagið af svæðinu gerir ráð fyrir að ekki megi byggja né raska yfirborði í 20 m fjarlægð frá tóftunum. Ekki er talið að um aðrar minjar séu á svæðin.

2. BREYTING Á KAFLA 3.7 HAFNARSVÆÐI

Gert er ráð fyrir nýju hafnarsvæði, H3 skjólhöfn fyrir smábáta við Innstapoll í Flatey. Smábátalægið er 25x30m að stærð svo kemur innsiglingarennna ca 12x40m. Gerðir verða tveir grjótgarðar um 40 metra langir. Til að valda sem minnstri röskun er ætlunin að nýta efnið úr dýpkuninni í garðanna. Efnismagnið í garða er áætlað um 4000 m³.

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Flatey	Ferjubryggja. Tillaga liggur fyrir um stækkun hafnarinnar í Flatey. Um er að ræða stækkun til norðurs og austurs til að skapa betri skilyrði fyrir ferjuflutninga.
H2	Flatey	Bátavör við Teinæringsvog.
H3	Flatey	Skjólhöfn fyrir smábáta við Innstapoll við Hólsbúðarvog.

2.2. FORSENDUR

Valkostir

Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði og friðlýst svæði í Breiðafirði skv. sérlögum nr. 54/1995.

Skóðaðir voru fjórir kostir fyrir staðsetningu smábátahafnar í Flatey þeir eru Þýskavör og Nýavör, Vogur milli Vesturbúðarvarar og Teinæringsvogs og Teinæringsvogur, við Flateyjarbryggju og Innstipollur við Hólsbúðarvog. Í töflu eru kostir bornir saman.

	Þýskavör og Nýavör	Vogur milli Vesturbúðarvarar og Teinæringsvogs og Teinæringsvogur	Við Flateyjarbryggju	Innstipollur við Hólsbúðarvog
Landslag/ásýnd	Framkvæmdin hefur mikil áhrif á landslag/ásýnd þar sem henni fylgir miklir sjóvarnir og dýpkun.	Framkvæmdin hefur töluverð áhrif á landslag/ásýnd þ.s. hún felur í sér þrjár sjóvarnir og dýpkun.	Framkvæmdin hefur nokkur áhrif á landslag/ásýnd þar sem þyrfti grjótgarð og dýpkun.	Framkvæmdin hefur felur í sér efnisminni skjólgarða en í hinum kostunum og hún gerir ekki ráð fyrir dýpkun á aðkomuleið.
Jarðefni	Framkvæmdin þarf mikið efnismagn.	Framkvæmdin þarf um 8.000m ³ af jarðefni þar af þyrfti að vinna 2.000m ³ annarsstaðar í Flatey.	Framkvæmdin þarf yfir 8.000m ³ , af jarðefni reiknað er með að sprengt berg dugi.	Framkvæmdin þarf um 4000 m ³ af jarðefni.
Fornminjar	Menningarminjum raskað.	Ekki vítað um minjar.	Ekki vítað um minjar.	Samkvæmt bráðabirgðaskráningu fornleifa eru nokkrir kálgarðar við Hólbúðarvog.

Þegar mat var lagt á alla kostina kom í ljós að Innstipollur við Hólsbúðarvog var besti kosturinn.

2.1 Vegur

Gert er ráð fyrir nýjum slóða á svæðinu en hann er aðeins sýndur til skýringar í aðalskipulaginu.

2.2 Áhrif skipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag

Fornleifar. Í umsögn Fornleifavernd Ríkisins dagsett 19. október 2009 kemur fram að skv. bráðabirgðaskráning á fornleifum í Flatey (Ágúst Georgsson 1990) séu nokkrir kálgarðar við Hólsbúðarvog í hættu vegna framkvæmdanna. Í bréfinu fer Fornleifavernd ríkisins fram á að kálgarðarnir verði mældir upp og ljósmyndaðir og á því svæði sem fyrirhugað er að leggja veg verði teknir borkjarnar til að ganga úr skugga um að engar fornminjar séu í tilvonandi vegstæði. Í framhaldi af því voru kálgarðarnir mældir upp á vegum Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna og verður málið sent aftur til Fornleifaverndar ríkisins til umsagnar vegna þessarar aðalskipulagsbreytingar.

Landslag. Breyting á landslagi verður með byggingu garðanna en gert er ráð fyrir að allt efni í þá fáist við dýpkun og því verður ekki um aðflutning á efni að ræða.

Samfélag. Sumarhúsafólk og ferðamenn nota í auknum mæli minni báta en erfitt er að stunda sjó úr fjöru eða frá ferjubryggju vegna mikils munar á flóði og fjöru. Þá er staðsetning bryggjunnar ákjósanleg m.t.t. vestanvinda á vetrum.

3. NIÐURSTAÐA

3.1 Samantekt

Þær breytingar sem hér eru auglýstar eru í samræmi við megin markmið aðalskipulagsins um búsetu og byggð þar sem segir m.a.; Styrkja þarf búsetu í Reykhólahreppi. Yfirbragð byggðarinnar skal taka mið af náttúrulegu umhverfi sínu. Stefnt er að eflingu atvinnugreina tengdum ferðaþjónustu og útivist, þannig að Reykhólahreppur verði eftirsóttur staður fyrir ferðamenn. Í samræmi við þessi markmið og áhrif á umhverfi og samfélag þá er það niðurstaða skipulags- og bygginganefndar að umhverfisáhrif breytinganna séu óveruleg.

3.2 Matsskylda

Framkvæmd smábátahafnar við Innstapoll í Flatey er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2, í lið 10i sem þýðir að breyting á aðalskipulagi er jafnframt háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Breyting á aðalskipulagi í Bjarkalundi og í Flatey samþykkt með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar.

4. **1001011** Umsókn dags. 7. janúar s.l. frá Einari Hafliðasyni um leyfi til að byggja frístundahús í Fremri-Gufudal. Erindið samþykkt.
5. **1001017** Skipulagsuppdráttur sem nær til 1 ha úr landi Miðjaness vegna tjaldsvæðis. Erindið samþykkt. Tjaldsvæðið er staðsett austan við yngra íbúðarhús, ekki vestan við eins og stendur á uppdrættinum.

Önnur mál.

Breyting á deiliskipulag fyrir Bjarkalund sem samþykkt var á fundi skipulags- og bygginganefndar þann 5. janúar 2009 verður auglýst samhliða hinum skipulagstillögunum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:25.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Eiríkur Kristjánsson (sign)

Bogi Kristinsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)